

10. gr.

Heimilt er að hafa umferðarmál sem valgrein í framhaldsskólum. Skal þá ákvarða einingargildi hennar á sama hátt og annarra námsgreina svo og námsefni.

11. gr.

Kennurum á grunnskólastigi skal standa til boða í kennaranámi sínu að búa sig sérstaklega undir umferðarkennslu. Skal kennslustundafjöldi þeirrar fræðslu eigi vera minni en ákveðið er í 12. grein reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands nr. 175, 31. maí 1974. Jafnframt skal Kennaraháskóli Íslands sjá starfandi kennurum fyrir námskeiðum í umferðarfræðslu, þegar ástæða þykir til.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, þegar fé er veitt til, ráðið sérfróðan mann til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum og skal þá starf hans skipulagt að höfðu samráði við Umferðarráð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 55, 12. maí 1970, um breyting á umferðarlögum nr. 40 frá 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. júlí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

11. júlí 1975.

Nr. 333.

REGLUGERÐ

um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar sérstaka nefnd, prófanefnd, til þess að skipuleggja og sjá um samræmd próf í grunnskóla skólaárin 1975—'76 og 1976—'77. Nefndin skal enn fremur sjá um samræmt gagnfræðapróf meðan það próf er haldið. Fela má nefndinni önnur verkefni ef ráðuneytið telur það æskilegt enda fallist nefndin á það.

2. gr.

Prófanefnd skal þannig skipuð: Formaður, ritari og tveir fulltrúar fyrir hverja af eftirtöldum greinum: Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og skulu þeir vera sérfróðir um námsefni og kennslu þessara greina í grunnskóla. Auk áðurnefndra fastra fulltrúa í nefndinni skal skipa einn sérfróðan fulltrúa fyrir hverja þá grein aðra, sem próf taka til, og skal hann taka sæti í nefndinni, þegar próf í viðkomandi grein eru samræmd.

Formaður og ritari skulu fara sameiginlega með framkvæmdastjórn nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast, skal ráðuneytið skipa annan í hans stað. Námsmatssérfræðingur veitir nefndinni sérfræðilega ráðgjöf.

3. gr.

Prófanefnd skal gera tillögur til ráðuneytisins um fjölda prófa, prófgreina, einkunnastiga og próftíma, sem samræmd próf taka til, og skulu þær tillögur berast ráðuneytinu við upphaf skólaárs.

4. gr.

Prófanefnd skal til undirbúnings aðalprófum annast söfnun prófatriða, halda könnunarpróf og sjá um úrvinnslu þeirra eftir því sem hæfilegt þykir að mati nefndarinnar.

5. gr.

Prófanefnd skal setja reglur um framkvæmd, úrvinnslu og einkunnagjöf samræmdra prófa, sem ráðuneytið ákveður að haldin skuli, þar með talin sjúkrapróf og próf, sem leyfð verða vegna ófullnægjandi árangurs á aðalprófi. Nefndarmenn skulu hver í sinni sérgrein annast samningu prófverkefna og matsreglna. Heimilt er formanni og ritara að fela öðrum sérfróðum aðilum einstök verkefni, ef ástæða þykir til, og skal það gert í samráði við hlutaðeigandi nefndarmenn.

Nefndin skal annast fjölritun eða prentun og sendingu prófverkefna til skóla.

6. gr.

Prófanefnd skal hafa náð samstarf við námsefnissérfræðinga og aðra þá, sem vinna að námsskrárgerð á vegum menntamálaráðuneytisins. Þá skal nefndin veita skólastjórum og kennurum svo og öðrum sem þess óska, upplýsingar um námsefni, námsskrá og prófagerð, að því er varðar verksvið nefndarinnar.

7. gr.

Prófanefnd skal ákvarða um úrtakskannanir og annast kynningu á prófniðurstöðum. Telji nefndin æskilegt að gerð sé önnur og meiri könnun á prófniðurstöðum en nauðsynlegt er vegna 1. málsgreinar, skal hún hafa samráð við menntamálaráðuneytið um það.

8. gr.

Nefndin skal vera ráðgjafaraðili gagnvart ráðuneytinu um eftirfarandi:

1. Um skipun prófdómara og trúnaðarmanna við framkvæmd prófa.
2. Ákvörðun um lágmarkseinkunnir á prófum til inngöngu í framhalds- og sérskóla.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 279, um próf í barna- og gagnfræðaskólum svo og erindisbréf fyrir prófanefnd frá 4. okt. 1973.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.